

REGLUGERÐ

fyrir röntgentæknaskóla.

I. KAFLI

Markmið og stjórn röntgentæknaskóla.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari og með leyfi ráðherra, er sjúkrahúsum, er hafa sérstakar röntgengreiningardeildir með a. m. k. 15000 rannsóknnum á ári, heimilt að starfrækja röntgentæknaskóla.

Sjúkrahúsum þessum er og heimilt að starfrækja sameiginlega skóla, þar sem bókleg kennsla fer fram, en verklegt nám fer þá fram í röntgendeildum viðkomandi sjúkrahúsa.

2. gr.

Hlutverk skólans er að tæknimennna aðstoðarfólk við röntgengreiningu, er geti aðstoðað röntgenlækna, og framkvæmt sjálfstætt sumar tegundir röntgenrannsóknna eftir fyrirmælum. Enn fremur metið ástand sjúklinganna að nokkru og aðstoðað þá eftir þörfum og samkvæmt fyrirmælum.

3. gr.

Stjórn skólans skipa forstöðukona sjúkrahússins, framkvæmdastjóri þess eða sjúkrahússtjóri, einn fulltrúi skipaður af ráðherra til þriggja ára og einn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans til eins árs í senn. Yfirlæknir viðkomandi deildar er skólastjóri skólans.

Ef fleiri sjúkrahús reka sameiginlegan skóla, skal einn fulltrúi frá hverju þeirra eiga sæti í stjórninni og auk þess einn fulltrúi skipaður af ráðherra til þriggja ára.

Stjórnin kys þá skólastjóra, sem hefur umsjón með daglegri starfsemi skólans.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði.

4. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal vera fullra 17 ára.
2. Umsækjandi skal hafa lokið landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi með fyrstu einkunn í stærðfræði, eðlisfræði, íslenzku og einu erlendu máli.
3. Umsækjandi, sem lokið hefur stúdentsprófi, hjúkrunarprófi, framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða hefur tilsvarendi menntun, skal að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist.
4. Umsækjandi skal framvísa læknisvottorði um heilsufar sitt.

5. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Umsókn skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli (vinnuveitanda eða skólastjóra).

III. KAFLI Námstími og námsefni.

6. gr.

Námstíminn er 2 ár og 6 mánuðir og skiptist á 5 kennslumisseri, en í 3 stig, sbr. 7. gr.

Hjúkrunarfólk, sem byrjar nám í skólanum, getur lokið því á styttri tíma, enda sleppir það þeim hluta, er að hjúkrun lýtur.

7. gr.

Námið skiptist í 3 stig:

1. Undirbúningsstig.
2. Bók- og verknámsstig.
3. Starfsþjálfunarstig.

1. a) Undirbúningsstig, 26 vikur. Þetta námsstig tekur yfir eftirfarandi:

Starfskynning á röntgendeild, 2 vikur. Hér er átt við fyrstu starfskynningu. Nemandinn fer ásamt leiðbeinanda yfir alla starfstilhögun.

Móttaka sjúklinga og dreifing á rannsóknarstofur.

Skrásetning sjúklinga til rannsóknar, starfsemi skjala- og myndasafna.

Framkvæmd hinna ýmsu rannsókna.

Tilhögun vinnu við framköllun, röðun mynda og undirbúning rannsókna.

Jafnframt fær nemandinn 4—6 fyrirlestra um ofangreind atriði.

1. b) Nám í sjúkradeildum, slysa- og skurðeildum, 20 vikur:

Nemandinn starfar sem sjúkraliðanemi og fær jafnframt bóklega kennslu á námskeiði í sjúkrahjálpi:

Siðfræði.

Heilsufræði.

Líffæra- og lífeðlisfræði.

Almenn hjúkrun.

Frumatriði í skyndihjálpi.

1. c) Upprifjunarnámskeið í stærðfræði og eðlisfræði, 4 vikur.

1. Stærðfræði 20 stundir.

Farið skal yfir eftirfarandi atriði:

Hlutfallsreikningur, prósentureikningur, einfaldar jöfnur, kvaðratrætur og grundvallaratriði flatarmálsfræði.

2. Eðlisfræði 20 stundir.

Í þeim tilgangi að veita nemandanum grundvöll til skilnings á undirstöðum röntgeneðlisfræði og tækjagerð er farið yfir grundvallaratriði eðlisfræðinnar, með sérstakri áherzlu á ljósfræði og rafmagnsfræði.

Að loknu 7.1.b) og 7.1.c) skal nemandi gangast undir **undirbúningspróf**.

Gefin skal einkunn fyrir b), en sín einkunnin fyrir hvorn lið c).

Nota skal einkunnastiga 0—10.

Nemandi, sem ekki nær meðaleinkunn 5, getur ekki haldið áfram námi bók- og verknámsstigs. Heimilt er þó að leyfa nemandi að endurtaka próf einu sinni í hverri grein, sem ekki hefur náðst framhaldseinkunn í.

2. Bók- og verknámsstig:

52 vikur, þar af 3 vikur leyfi.

Kennsla á þessu stigi er tvíþætt, bókleg og verkleg.

2. a) Bókleg kennsla:

1. **Líffærafræði og lífeðlisfræði, ásamt meinafræði. Að minnsta kosti 90 stundir.**

Jafnframt kennslu í undirstöðuatriðum líffærafræðinnar, þar sem farið er yfir hin einstöku líffærakerfi hvert um sig, eru kennd undirstöðuatriði í lífeðlis- og meinafræði hinna ýmsu kerfa og líffæra.

Í kennslu í líffærafræði skal taka sérstakt tillit til þarfa röntgentækna, þannig að miðunartækni (innstillingum) og algengustu röntgengreindum sjúkdómum verði gerði góð skil, t. d. öndunarfærasjúkdómum, hjarta- og æðasjúkdómum, þvagfærasjúkdómum, taugakerfissjúkdómum. Eðlilegast er, að í þessu námskeiði sé einnig lögð áherzla á geislavernd og geislalíffræði (radiobiologiu).

2. **Eðlisfræði og röntgentækni. A. m. k. 46 stundir.**

Upprifjun á almennri eðlisfræði, jafnframt nauðsynlegri stærðfræði-upprifjun. Síðan er sérstaklega kennt með tilliti til röntgeneðlisfræði og röntgentækni. Þá skal a. m. k. 10 stundum varið til yfirferðar á tækjakosti: Röntgenlampar, spennar, siukerfi, sjálfvirkni í myndatöku, sneiðamyndataekni, röntgenkvikmyndun, myndmögnun og sjónvarp.

3. **Geislavarnir og geislalíffræði. A. m. k. 10 stundir.**

Farið yfir gildandi lög og reglur um geislavarnir, ásamt verklegum sýningum.

4. **Ljósmyndatækni. A. m. k. 12 stundir.**

Farið yfir undirstöðuatriði í ljósmyndatækni.

Ljósmyndafilman, eiginleikar hennar, framköllun, fixering kopering, sérhæfð tækni, svo sem subtraction.

Sýnikennsla og verklegar æfingar.

5. **Starfsfræðsla. A. m. k. 12 stundir.**

Fyrirlestrar um félagsfræði, sálfræði og skipulagsmál.

6. **Viðbótarkennsla. A. m. k. 24 stundir.**

Verkstjórn, almenn sjúkrahússtarfsfræðsla, hjálp í viðlögum, röntgentækni, sérhæfðar rannsóknir, undirbúningur sjúklinga undir rannsóknir, eftirmeðferð.

2. b) **Verkleg kennsla:**

Nemandinn hlýtur verklega tilsögn og þjálfun á öllum rannsóknartækjum deildarinnar.

Kennslan miðar að því að gera nemandann færar í hvers kyns rannsóknaraðferðum, og að hann hafi vald og þekkingu á þeim tækjum, sem notuð eru. Hver nemandi skal hafa námsferilsbók, þar sem í eru skrifaðar þær rannsóknir, sem hann tekur þátt í:

- 1) Sýnikennsla,
- 2) Framkvæmdar með aðstoð og tilsögn,
- 3) Framkvæmdar án aðstoðar.

Samtals skal nemandinn hafa framkvæmt a. m. k. 800 rannsóknir, sem skiptast milli hinna ýmsu líffæra eftir töflu, er skólastjóri ákveður.

Bók- og verknámsstigi lýkur með prófum.

Skólastjóra er heimilt að ákveða röðun prófa og einstakra þátta náms-efnis innan þess tíma, sem námið miðast við, en próf skulu þreytt í eftirfarandi greinum 7.2.a., 1.2.3.4.

Um einkunnir fer eins og við undirbúningspróf.

3. Starfsþjálfunarstig. 52 vikur, þar af 3 vikur leyfi.

- a) Að loknu og stöðnu prófi annars stigs vinnur nemandinn 1—2 vikur í senn á öllum vinnustöðvum röntgendeildar, einnig við sérhæfðar rannsóknir.
 - b) Nemandinn tekur þátt í athugun lækna á gerðum rannsóknum, a. m. k. tvær athuganir vikulega, 100 stundir.
 - c) Nemandinn sækir fræðslufundi þá, er deildin og sjúkrahúsið standa að.
 - d) Nemandinn tekur þátt í myndasýningum og umræðum um einstaka sjúklinga eða sjúkdómsflokka a. m. k. hálfsmánaðarlega, 24 stundir.
- Þátttöku nemanda í ofangreindu skal skrá í námsferilsbók.

8. gr.

Nemendur fá engin laun fyrsta misseri námsins. 2. og 3. misseri fá nemendur námslaun, sem svara til 50% byrjunarlauna röntgentæknis í samningum hverju sinni. Á 4. og 5. misseri fá nemendur 75% ofangreindra launa.

9. gr.

Að loknu námi og prófum skal nemandinn hljóta prófskirteini og starfsheitið röntgentæknir með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja lögum samkvæmt. Prófdómari skal tilnefndur af ráðherra.

IV. KAFLI**Um rekstur skólans.****10. gr.**

Kostnaði við rekstur röntgentækniskóla skal skipt svo sem hér segir:

- 1) Öll laun kennara greiðast úr ríkissjóði.
- 2) Námslaun nemenda greiðast af hlutaðeigandi sjúkrahúsi.
- 3) Kennsluefni og kennsluaðstaða er á kostnað hlutaðeigandi sjúkrahúss.
- 4) Allur kostnaður vegna prófa greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 64/1971 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.